

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1309  
komudagur 19.3.2009

Nefndasvið Alþingis  
bt. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009  
Tilv.: 0903017

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál, þskj. 696.**

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts, dags. 13. mars sl., þar sem efnahags- og skattanefnd sendi eftirlitinu framangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lögð til aðferð til þess að tryggja rekstur þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja með stofnun eignaumsýslufélags sem hefur það að markmiði að eiga, endurskipuleggja og selja slík atvinnufyrirtæki. Vegna frumvarpsins vill Samkeppniseftirlitið koma eftirfarandi á framfæri:

Bankahrunið hér landi og þau skaðlegu áhrif sem það getur haft á aðrar atvinnugreinar kann að draga úr samkeppni á einstökum mörkuðum. Skerðing á samkeppni getur tafið verulega endurreisn íslensks atvinnulífs.

Ljóst er að samkeppni stuðlar að efnahagslegum framförum og bætir hag almennings. Þýðing virkrar samkeppni minnkar ekki heldur þegar þjóðir standa frammi fyrir efnahagslegum áföllum. Reynslan annarra ríkja sýnir að:

- Aðgerðir til þess takmarka samkeppni framlengja efnahagsörðugleika og vinna gegn bata.
- Aðgerðir til þess að viðhalda eða efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins.

Fræðimenn sem metið hafa efnahagskreppur hafa bent á mikilvægi samkeppni fyrir efnahagslegan bata viðkomandi ríkja. Hér má og líta til þess að framkvæmdastjórn ESB hefur lagt áherslu á mikilvægi samkeppni og samkeppnisreglna vegna þeirra efnahagserfiðleika sem Evrópuþjóðir standa nú frammi fyrir. Er vísað til þess að samkeppnisreglur séu hluti lausnar á þeim vanda, tryggi hagsmuni neytenda og

stuðli að atvinnusköpun og hagvexti. Á vettvangi OECD hefur mikilvægi samkeppnissjónarmiða sem liður í úrlausn efnahagsþrenginga einnig verið áréttað. Ítarlega er fjallað um efnahagskreppur og samkeppni í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, sem birt var í lok nóvember 2008 og finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

Mikilvægt er að þegar teknar eru ákvarðanir er varða framtíð fyrirtækja sem starfa á lykilmörkuðum sé höfð hliðsjón af þeim mikilvægu langtímahagsmunum almennings og viðskiptalífsins að virk samkeppni geti þrífist á sem flestum mörkuðum hér á landi. Til þess að stuðla að þessu beindi Samkeppniseftirlitið því til ríkisbankanna í nóvember sl. að hafa tilteknar tíu meginreglur til hliðsjónar við þessar ákvarðanir, sbr. álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*. Tekið er fram í álitinu að meginreglurnar eigi einnig við um ákvarðanir skilanefnda sem stýra forverum bankanna, auk þess sem hafa beri þær til hliðsjónar af opinberum aðilum sem kynnu að taka ákvarðanir um hagsmuni fyrirtækja á samkeppnismarkaði.

Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ekki fjallað sérstaklega um þá mikilvægu hagsmuni sem að framan eru raktir. Frumvarpið gerir ráð fyrir heimild til þess að stofna eignaumsýslufélag, en lætur að verulegu leyti ósagt um nánari útfærslur. Þannig er t.d. ekki ljóst af frumvarpinu hvaða viðmið verður stuðst við við skilgreiningu á þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum, að öðru leyti en því að í greinargerð er vísað til starfsemi sem snýr að nauðsynlegum grunnþörfum samfélagsins og að með öryggishagsmunum sé t.d. átt við starfsemi sem snúi að fæðuöryggi, fjarskiptum, flutningi fólks eða farms milli landa eða innan lands. Ljóst er af þessu að umrætt eignaumsýslufélag muni, ef til kemur, starfa á mjög viðkvæmum samkeppnismörkuðum þar sem beinir hagsmunir neytenda, atvinnufyrirtækja og samfélagsins alls af samkeppni eru hvað mestir. Samkvæmt frumvarpinu gætu t.d. átt hér undir markaður fyrir smásölu matvöru, markaðir fyrir farsímaþjónustu og internet-tengingar, farþegaflug og fraktflug og sjóflutninga.

Þá er ekki að finna í frumvarpinu skýra leiðbeiningu um það við hvaða aðstæður eignaumsýslufélagið myndi að öðru leyti kaupa eignarhlut eða hvernig framkvæmd sölu á eignarhiutum í atvinnufyrirtækjum yrði háttáð.

Við blasir að samkeppnisleg úrlausnarefni geta komið upp í tengslum við umrætt eignaumsýslufélag. Getur t.d. komið til álita að félagið eigi eignarhluti í fleiri en einum keppnauti á mikilvægum samkeppnismarkaði. Ljóst er af framangreindu að framkvæmd laganna gæti skipt sköpum um þróun samkeppnismála á mikilvægustu samkeppnismörkuðum íslensks atvinnulífs.

Samkeppniseftirlitið hefur skilning á því að erfitt geti verið að útfæra ákvæði frumvarpsins nánar á þessu stigi. Farsæl framkvæmd laganna byggist hins vegar m.a. á því að þeim sé beitt með hagsmuni neytenda og atvinnulífs af samkeppni að leiðarjóni og að þeir hagsmunir séu ráðandi í starfi umsýslufélagsins. Nefna má í þessu sambandi eftirfarandi atriði:

- Að sú ráðstöfun sé valin sem raskar samkeppni sem minnst.

- Að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni eða óæskilegra stjórnunar- og eignatengsla, heldur leitast við að draga úr slíku ástandi, t.d. með því að skoða hvort skynsamlegt geti verið til lengri tíma að skipta upp fyrirtækjum frekar en sameina.
- Að hlutlægni í ráðstöfun eigna sé tryggð.
- Að skapaðir séu möguleikar fyrir nýja aðila til að koma inn á samkeppnismarkaði og dreifðara eignarhaldi fyrirtækja.

Um þessi sjónarmið vísast að öðru leyti til fyrrgreinds álits nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*.

Telur Samkeppniseftirlitið afar mikilvægt að löggjafinn árétti mikilvægi samkeppnissjónarmiða í lögunum eða eftir atvikum í lögskýringargögnum.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson